

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 317/2014

2015/EES/55/31

frá 27. mars 2014

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi efnum sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhrif á æxlun) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í færslum 28 til 30 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er lagt bann við því að selja almenningi efni, sem eru flokkuð sem efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhrif á æxlun, í undirflokki 1A eða 1B eða úr blöndum sem innihalda efnin í styrk yfir tilgreindum styrkleikamörkum. Viðkomandi efni eru tilgreind í 1.–6. viðbæti við XVII. viðauka.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008⁽²⁾ var breytt með reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 618/2012⁽³⁾ og (ESB) nr. 944/2013⁽⁴⁾ í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum til að uppfæra eða færa á skrá nokkrar nýjar samræmdar flokkanir á efnum sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhrif á æxlun.
- 3) Með reglugerð (ESB) nr. 618/2012 er komið á nýrri samræmdri flokkun á eftirfarandi efnum: indíumfosfíð

hefur verið flokkað sem krabbameinsvaldandi í undirflokki 1B, trixýlýlfosfat og 4-*tert*-bútýlbensósýra hafa verið flokkuð sem efni sem hafa eiturrhrif á æxlun í undirflokki 1B.

- 4) Með reglugerð (ESB) nr. 944/2013 er komið á nýrri samræmdri flokkun á eftirfarandi efnum: [bik, úr háhitakoltjöru] hefur verið flokkað sem krabbameinsvaldandi í undirflokki 1A, gallíumarseníð hefur verið flokkað sem krabbameinsvaldandi í undirflokki 1B, [bik, úr háhitakoltjöru] hefur verið flokkað sem stökkbreytandi í undirflokki 1B, [bik, úr háhitakoltjöru], epoxíkónasól (ISO), nítróbenzen, díhexýlþalat, N-etyl-2-pýrrólídon, ammóníumpentadekaflúoroktanóat, perflúoroktansýra og 2-etylhexýl-10-etyl-4,4-díoktýl-7-oxó-8-oxa-3,5-díþía-4-stannatetradekanóat hafa verið flokkuð sem efni sem hafa eiturrhrif á æxlun í undirflokki 1B.
- 5) Þar eð rekstraraðilar geta fyrir þann tíma beitt samræmdu flokkuninum sem eru settar fram í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 ætti þeim að vera kleift að beita ákvæðum þessarar reglugerðar fyrr, ef þeir kjósa það.
- 6) Því ber að breyta ákvæðum 1. til 6. viðbætis við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við I., II. og III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði I. viðauka við þessa reglugerð skulu gilda frá 1. apríl 2014.

Ákvæði II. viðauka við þessa reglugerð skulu gilda frá 1. janúar 2015.

Ákvæði III. viðauka við þessa reglugerð skulu gilda frá 1. apríl 2016.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 93, 28.3.2014, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 180/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 618/2012 frá 10. júlí 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum (Stjtið. ESB L 179, 11.7.2012, bls. 3).

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 944/2013 frá 2. október 2013 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum á sviði tækni og vísinda (Stjtið. ESB L 261, 3.10.2013, bls. 5).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 2. viðbæti er eftirfarandi færsla felld inn í töfluna í samræmi við niðurröðun á öðrum færslum sem þar eru settar fram:

„indíumfosfíð	015-200-00-3	244-959-5	22398-80-7 ^{cc}	
---------------	--------------	-----------	--------------------------	--

- 2) Í 6. viðbæti er eftirfarandi færsla felld inn í töfluna í samræmi við niðurröðun á öðrum færslum sem þar eru settar fram:

„trixýlýlfosfat	015-201-00-9	246-677-8	25155-23-1	
4- <i>tert</i> -bútýlbensósýra	607-698-00-1	202-696-3	98-73-7 ^{cc}	

II. VIÐAUKI

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 2. viðbæti er eftirfarandi færsla felld inn í töfluna í samræmi við niðurröðun á öðrum færslum sem þar eru settar fram:

„gallíumarseníð	031-001-00-4	215-114-8	1303-00-0 ^{cc}	
-----------------	--------------	-----------	-------------------------	--

- 2) Í 6. viðbæti er eftirfarandi færsla felld inn í töfluna í samræmi við niðurröðun á öðrum færslum sem þar eru settar fram:

„epoxíkónasól (ISO); (2RS,3SR)-3-(2-klórbífenýl)-2-(4-flúorfenýl)-[(1 <i>H</i> -1,2,4-tríasól-1-ýl)metýl] oxíran	613-175-00-9	406-850-2	133855-98-8	
nítróbensen	609-003-00-7	202-716-0	98-95-3	
díhexýlþalat	607-702-00-1	201-559-5	84-75-3	
N-etýl-2-pýrrólídín; 1-etýlpýrrólídín-2-ón	616-208-00-5	220-250-6	2687-91-4	
ammóníumpentadekaflúoroktanóat	607-703-00-7	223-320-4	3825-26-1	
perflúoroktansýra	607-704-00-2	206-397-9	335-67-1	
2-etýlhexýl 10-etýl-4,4-díoktýl-7-oxó-8-oxa-3,5-díþía-4-stannatetradekanóat	050-027-00-7	239-622-4	15571-58-1 ^{cc}	

III. VIÐAUKI

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 1. viðbæti er eftirfarandi færsla felld inn í töfluna í samræmi við niðurröðun á öðrum færslum sem þar eru settar fram:

„bik, úr háhitakoltjöru; (Leif úr eimingu háhitakoltjöru. Svart, fast efni með mýkingarmark u.þ.b. á bilinu 30 til 180 °C (86 til 356 °F). Að mestu úr flókinni blöndu arómatískra vetniskolefna með þremur eða fleiri samrunnum hringum.)	648-055-00-5	266-028-2	65996-93-2 ^{cc}	
---	--------------	-----------	--------------------------	--

- 2) Eftirfarandi færsla falli brott úr 2. viðbæti:

„bik, úr háhitakoltjöru; (Leif úr eimingu háhitakoltjöru. Svart, fast efni með mýkingarmark u.þ.b. á bilinu 30 til 180 °C (86 til 356 °F). Að mestu úr flókinni blöndu arómatískra vetniskolefna með þremur eða fleiri samrunnum hringum.)	648-055-00-5	266-028-2	65996-93-2 ^{cc}	
---	--------------	-----------	--------------------------	--

- 3) Í 4. viðbæti er eftirfarandi færsla felld inn í töfluna í samræmi við niðurröðun á öðrum færslum sem þar eru settar fram:

„bik, úr háhitakoltjöru; (Leif úr eimingu háhitakoltjöru. Svart, fast efni með mýkingarmark u.þ.b. á bilinu 30 til 180 °C (86 til 356 °F). Að mestu úr flókinni blöndu arómatískra vetniskolefna með þremur eða fleiri samrunnum hringum.)	648-055-00-5	266-028-2	65996-93-2 ^{cc}	
---	--------------	-----------	--------------------------	--

- 4) Í 6. viðbæti er eftirfarandi færsla felld inn í töfluna í samræmi við niðurröðun á öðrum færslum sem þar eru settar fram:

„bik, úr háhitakoltjöru; (Leif úr eimingu háhitakoltjöru. Svart, fast efni með mýkingarmark u.þ.b. á bilinu 30 til 180 °C (86 til 356 °F). Að mestu úr flókinni blöndu arómatískra vetniskolefna með þremur eða fleiri samrunnum hringum.)	648-055-00-5	266-028-2	65996-93-2 ^{cc}	
---	--------------	-----------	--------------------------	--